

Nd. 198. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á siglingalögum nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

2. málsgrein 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968 og l. nr. 58/1972, orðist þannig:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vitavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

Verði tjónið ekki rakið til atvika, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á samkvæmt almennum skaðabótareglum, skal ábyrgð hans samt takmarkast við fjárhæðir þær, sem greindar eru í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 75. greinar laga um almannatryggingar, enda hafi viðkomandi útgerðarmaður keypt tryggingu samkvæmt þeirri grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 58 29. maí 1972 var gerð sú breyting á 2. málsgrein 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968, um breyting á þeim lögum, að ábyrgð útgerðarmanna á skipverjum var gerð hlutlæg (objectiv), auk þess, sem áhöld eru um það, hvort ábyrgðin nái ekki til allra þeirra, sem starfa í þjónustu útgerðarmanns.

Nú liggur fyrir Alþingi breytingartillaga við almannatryggingalögin, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að útgerðarmönnum sé gert skylt að kaupa tryggingu í stað sammingsbundinna trygginga, þar sem bótaupphæðir eru hækkaðar verulega. Þykir því rétt að setja ákvæði í siglingalögin, er segi, að bætur vegna þeirrar tryggingar séu fullnaðarbætur, enda er óhjákvæmilegt, að samræmi sé milli siglingalaganna og tryggingalaganna um þessi efni.

Enn fremur þykir ástæða til að taka skýrar fram við hverja hin hlutlæga ábyrgð getur átt, þ. e. þá menn, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni.